



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 3. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 10. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. ÁGÚST 2018

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 9. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Persónuverndarfulltrúi Hrunamannahrepps.
2. Umhverfisstofnun: Átak í friðlýsingum, svæði í verndarflokki rammaáætlunar.
3. Laufskálar ehf: Beiðni um breytingar á aðalskipulagi.
4. Kerfisáætlun Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi 2018-2027.
5. Einarsslundur í Galtafelli: Áætlun um uppbyggingu.
6. Umhverfisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða í Íslandi og annarra friðlýstra svæða.
7. Matvælastofnun: Lausaganga búfjár og fjallskil.
8. Ungmennaráð Suðurlands: Tilnefning.
9. Fjallkóngur Hrunamannahrepps.  
-liggur frammi á fundinum-
10. Skipan vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis.
11. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

12. Atvinnu, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar 5. júlí s.l.
13. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1. fundar 6. ágúst s.l.  
-liggur frammi á fundinum\_

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

14. NOS: Fundargerð frá 10. júní s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 188. fundar frá 29. júní s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 266. fundar stjórnar frá 26. júní s.l.
- c. SASS: Fundargerð 534. stjórnarfundar frá 26. júní s.l.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aukaaðalfundar frá 27. júní s.l.
- e. Háskólasamfélag Suðurlands: Fundargerð 10. aðalfundar frá 12. júní s.l.
- f. Héraðsnefnd Árnesinga b.s: Fundargerð 13. fundar frá 16. júlí s.l. kl. 14:00

#### **Kynningarmál:**

- g. Vegagerðin: Styrkur til vegagerðar til afréttarvega.
- h. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Synjun á umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar
- i. Hrunaljós: Verkfundargerðir.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 861. Fundar stjórnar frá 29. júní s.l.
- k. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2017.
- l. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga: Ársreikningur 2017.

#### **Fundir framundan:**

- m. Forsætisráðuneytið: Fundur um málefni þjóðlenda mánudaginn 27. ágúst n.k á Gömlu Borg.
- n. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Fundur um þjóðgarð á miðhálandi Íslands í félagsheimilinu Árnesi mánudaginn 27. ágúst kl. 18:00
- o. Rarik: Hádegisfundur þann 30. ágúst n.k.

p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 26.-28. september n.k.

**Skýrslur á skrifstofu:**

q. Ársrit Skógræktarinnar 2017.

**Genqið til dagskrár:**

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Persónuverndarfulltrúi Hrunamannahrepps.**

Oddviti kynnti tilboð vegna ráðningar persónuverndarfulltrúa Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að ræða við Dattaca Labs um ráðningu persónuverndarfulltrúa og felur sveitarstjóra að ganga til samninga vegna þessa.

**2. Umhverfisstofnun: Átak í friðlýsingum, svæði í verndarflokki rammaáætlunar.**

Oddviti kynnti erindi frá Umhverfisstofnun um átak í friðlýsingum á svæðum í verndarflokki rammaáætlunar. Lagt fram til kynningar.

**3. Laufskálar ehf: Beiðni um breytingar á aðalskipulagi.**

Oddviti kynnti beiðni frá Laufskálum ehf um breytingu á aðalskipulagi á lóðinni Grafarbakka II, spilda 1, landnúmer 208830 þar sem óskað er eftir því að norðurhluta lóðarinnar verði breytt úr landbúnaðarlandi í afbreytingar- og ferðamannasvæði. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en til að hægt sé að samþykkja tillöguna til auglýsingar vantar ýtarlegri gögn um breytinguna. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við umsækjanda.

**4. Kerfisáætlun Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi 2018-2027.**

Oddviti kynnti kerfisáætlun Landsnets um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Íslandi 2018-2027. Sveitarstjórn tekur undir umsögn SASS.

**5. Einarslundur í Galtafelli: Áætlun um uppbyggingu.**

Oddviti kynnti áætlun um uppbyggingu minjastaðar í Galtafelli vegna Einars Jónssonar myndhöggvara. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og að sögu Einars Jónssonar myndhöggvara frá Galtafelli verði gerð góð skil.

**6. Umhverfisiráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfisiráðuneytinu um drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða. Sveitarstjórn hvetur ráðuneytið til að endurskoða hugmynd um nýja stofnun og nýta frekar þær stofnanir sem fyrir eru s.s. Umhverfisstofnun og nýta fjármagnið til uppbyggingar og verndunar á svæðunum sjálfum.

**7. Matvælastofnun: Lausaganga búfjár og fjallskil.**

Oddviti kynnti erindi frá Matvælastofnun um lagaleg atriði er snerta lausagöngu búfjár, fjallskil ofl. Sveitarstjórn vísar málinu til landbúnaðarnefndar til upplýsingar.

**8. Ungmennaráð Suðurlands: Tilnefning.**

Oddviti kynnti beiðni frá Ungmennaráði Suðurlands að Hrunamannahreppur skipi fulltrúa sinn í ráðið. Sveitarstjórn felur Ungmennaráði Hrunamannahrepps að tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í Ungmennaráð Suðurlands.

**9. Fjallkóngur Hrunamannahrepps.**

Oddviti fór yfir tillögu landbúnaðarnefndar um skipan nýs fjallkóns fyrir Hrunamannahrepp. Sveitarstjórn samþykkir tillögu landbúnaðarnefndar og skipar Jón Bjarnason sem fjallkóng Hrunamannahrepps. Jón Bjarnason víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn þakkar Steinari Halldórssyni fráfarandi fjallkóngi fyrir góð störf og óskar nýjum fjallkóngi velfarnaðar í starfi.

**10. Skipan vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis.**

Oddviti kynnti skipun vinnuhóps um könnun á uppbyggingu hjúkrunarheimilis en málinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn skipar í vinnuhópinn þau Aðalstein Þorgeirsson formann, Mörtu Esther Hjaltadóttur, Sigurjón Kristinsson, Þröst Jónsson og Ásdísi Bjarnadóttur.

Eftirfarandi bókun er gerð frá D-lista Sjálfstæðismanna og óháðra: Við á D-listanum getum ekki orða okkar bundist og lýsum yfir óánægju okkar með hvernig framgöngu þessa máls hefur verið háttað. Litlar upplýsingar komu í byrjun um hvert hlutverk vinnuhópsins væri og gleymdist hreinlega að setja málið á dagskrá á fyrsta sveitarstjórnarfundum, á öðrum fundum sveitarstjórnar var málinu frestað enda fengust litlar upplýsingar fyrir en daginn fyrir fundinn. Teljum við að forsendan fyrir að farið sé í uppbyggingu hjúkrunarheimilis sé samvinna við önnur sveitarfélög. Því hefðu nágrannasveitarfélögin átt að vera með í svona hóp og æskilegt hefði verið að oddviti hefði farið og rætt við önnur sveitarfélög og þá myndað vinnuhóp um málið þar sem sveitarfélögin hefðu öll fulltrúa. Við getum ekki staðið í þessu ein og sér. Við skipum engu að síður í hópinn, enda verðum við að fylgjast með framvindu málsins og vera upplýst. Gott hefði verið að gefa sér tíma og hugsa málið til hlítar.

H listinn vill að það komi fram að ekki er rétt að gleymst hafi að setja málið á dagskrá fyrsta fundar sveitarstjórnar enda má sjá á fundardagskrá að það var ekki þar. Það er stefna vinnuhópsins eins og fram hefur komið að eiga í samvinnu við nágrannasveitarfélögin og munu þau vera kölluð til umræðu um málefnið í vinnu við verkefnið.

**11. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt var að næsti sveitarstjórnarfundur verði föstudaginn 7. september n.k. kl. 9:00 í ráðhúsinu að Flúðum.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**12. Atvinnu, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar 5. júlí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar atvinnu, ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um skipulag og undirbúning verslunarmannahelgarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**13. Umhverfisnefnd: Fundargerð 1. fundar 6. ágúst s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar umhverfisnefndar. Þar fór sveitarstjóri yfir stöðu umhverfismála hér í sveit og á Suðurlandi. Þá var lagt til að grenndargámur við Langholtsfjall yrði fjarlægður vegna slæmrar umgengni, farið yrði í átak við eyðingu á skógarkerfli og njóla, vinna við skipunarbréf rætt og pressugám í plasti sem á á að koma á gámasvæðið. Þá var rætt um að fá Stefán Gíslason umhverfisfræðing til skrarfs og ráðagerða með nefndinni. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og hvetur íbúa sveitarfélagsins til að huga að eyðingu á kerfli og njóla í sínu nærumhverfi.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

**14. NOS: Fundargerð frá 10. júní s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 2. fundar NOS. Þar var farið yfir samþykktir og erindisbréf, kosning formanns og ritara, kosið í skólaþjónustu- og velferðarnefnd og formaður og varaformaður nefndarinnar valin. Þá var tekin ákvörðun um þóknun nefndarmanna. Forstöðmaður SVÁ fór yfir starfssemina og síðan farið í skoðunarferð í aðstöðu SVÁ. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 188. fundar frá 29. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 266. fundar stjórnar frá 26. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. SASS: Fundargerð 534. stjórnarfundar frá 26. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aukaaðalfundar frá 27. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Háskólasamfélag Suðurlands: Fundargerð 10. aðalfundar frá 12. júní s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Héradarnefnd Árneseinga b.s: Fundargerð 13. fundar frá 16. júlí s.l. kl. 14:00**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- g. Vegagerðin: Styrkur til vegagerðar til afréttarvega.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Synjun á umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Hrunaljós: Verkfundargerðir.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 861. Fundar stjórnar frá 29. júní s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Eignarhaldsfélag Suðurlands hf: Ársreikningur 2017.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga: Ársreikningur 2017.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- m. Forsætisráðuneytið: Fundur um málefni þjóðlenda mánudaginn 27. ágúst n.k á Gömlu Borg.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Fundur um þjóðgarð á miðhálandi Íslands í félagsheimilinu Árnesi mánudaginn 27. ágúst kl. 18:00**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Rarik: Hádegisfundur þann 30. ágúst n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 26.-28. september n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

**Skýrslur á skrifstofu:**

- q. Ársrit Skógræktarinnar 2017.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.